

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Háafell	05.10.18	Nauteyri	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
520199-3149	18.09.2021	Já	Land- og kvíaeldi, allt að 200 tonn

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			~40 tonn á ársgrundvelli, umsókn um stækkun upp í 800 tonn
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Bættu súrefnis- og hitavöktun.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Aðgengilegt í gæðahandbók á staðnum.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við. Þarf að vera aðgengilegt eftirlitsaðila við eftirlit.
Grænu bókhaldi og útsreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Hluti af gæðahandbók stöðvar.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Hluti af tryggingarpakka reksturs stöðvarinnar.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Hluti af gæðahandbók stöðvar

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Á ekki við.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Klukkufóðrun og handfóðrun eftir auga.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Útreikningar á losun N og P hafa verið gerðir fyrir árið 2017 í kg/ár. Eftirlitsaðili umreiknaði í kg/framleitt tonn fyrir ársframleiðslu árs 2017, 80 kg/tonn N og 13 kg/tonn P.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Engin olía eða froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir voru sjáanlegir. Hvorki var hitauppgufun, né óeðlileg lykt. Enginn fiskur sást í frárennslis. Sjávarfalla gætir í settjörn.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oph. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	X			Frárennslis úr húsum A og B fer í sitthvora gildruna í um 50 m fjarlægð frá eldihúsunum og rennur þaðan í um 100 m ² settjörn. Frárennslis úr útikerjum rennur í sömu gildru og úr húsi B. Gildrunar eru með sigti sem á að forða slysasleppingum í frárennslis og safnar fóðurleyfum og öðru sem annars færi í settjörn. Þær eru skoðaðar og tæmdar annan hvorn dag. Sigtí í gildru A er fínna en í gildru B þar sem um frárennslis frá minni seiðum er að ræða. Settjörnin er frekar grunn og sameinast læk rétt áður en hann rennur út í sjó. Á flóði nær sjór inn í tjörnina sem gerir að verkum að hún sinnir ekki hlutverki sínu.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Stöðvarhúsið stendur við sjó og frárennslið rennur í sjóinn.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		Engar mælingar hafa verið gerðar nýlega. Náttúrustofa Vestfjarða hefur skoðað fjöruna. Botnsýni tekin 24.07.2015, að beiðni Háafells, út af eldisstöðinni sem liður í vöktun á botndýralífi á svæðinu.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Dauðfisk er safnað saman og er geymdur í frysti þar til honum er komið til urðunar hjá Ísafjarðarbæ, Klofning. Plast er flokkað í gám Hraðfrystihússins Gunnvarar á Súðavík sem er tæmdur af Gámaþjónustu Vestfjarða.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.			X	Á ekki við en þarf að vera aðgengilegt eftirlitsaðila.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			2020 Náttúrustofa Vestfjarða

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Samantekt:

Klak- og seiðastöð fyrir laxfisk. Tvö hús með kerjum, hús A fyrir seiði eftir klakningu og hús B fyrir stærri fisk. Eftir smoltun er fiskur færður í útiker. Umgengni er almennt góð á svæðinu. Eitt frávik kom fram við eftirlitið er varðar virkni settjarnar en tvær ábendingar eru gerðar er varða að tæma þarf rusl úr stóru útikeri sem ekki er í notkun og eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka, þar sem þrjú ár eru síðan síðustu mælingar á botndýralífi voru gerðar og engar efnamælingar hafa verið gerðar.

Annað

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu. Rekstraraðila er bent á að fá kvittanir fyrir móttöku dauðfisks.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Háafell ehf. Nauteyri



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	5.10.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Háafell ehf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Nauteyri	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	520199-3149	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján G. Jóakomsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Yordan Yordanov	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlitið er varðar virkni settjarnar. Tvær ábendingar eru gerðar varðandi umgengni og eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 2.1 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi í sjó	Beita skal bestu fánlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins. Huga þarf að dýpt og virkni settjarnar, þar sem sjávarfalla gætir í henni og hún nær því ekki að sinna hlutverki sínu.

ÁBENDINGAR

Óskað er eftir að rekstraraðili fjarlægji rusl úr stóru útikeri sem er ekki í notkun.

Ekki hafa verið framkvæmdar efnamælingar á viðtaka og botndýrasýni voru tekin seinast 2015. Restraraðila er bent á að fylgjast þurfi með vatnsgæðum viðtaka.

ANNAÐ

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

Rekstraraðila er bent á að fá kvittanir fyrir móttöku dauðfisks.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.11.2018

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir